



15. maí 2020

Réttur til atvinnuleysisbóta og/eða fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga

Talsverð umræða hefur verið um aðila sem eiga hvorki rétt á atvinnuleysisbótum né fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í þeim erfiðu aðstæðum sem nú eru á innlendum vinnumarkaði. Sem dæmi um slíka aðila hafa verið nefndir erlendir ríkisborgarar, nemar, sjálfstætt starfandi einstaklingar, leiðsögumenn og listamenn. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir stöðu þessara hópa, nema námsmanna þar sem talið var rétt að vísa þeirri kortlagningu í sérstakan samhæfingaráhóp sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra meðal annars til að skoða stöðu námsmanna og rétt þeirra til atvinnuleysisbóta.

1. Erlendir ríkisborgarar

Um er að ræða fimm hópa:

- Einstaklingar sem hafa dvalið og unnið hér lengur en í þrjú mánuði og greitt skatta og skyldur, þessir einstaklingar eru með kennitölu en ekki lögheimili þ.e. skráning er ekki fullnægjandi (eru á utangarðsskrá)
- Einstaklingar sem hafa dvalið og unnið hér skemur en þrjú mánuði, þessir einstaklingar eru með kennitölu en ekki lögheimili þ.e. skráning ekki fullnægjandi (eru á utangarðsskrá)
- Ferðamenn sem náðu ekki að fara úr landi áður en ferðatakmarkanir tóku gildi
- Einstaklingar í atvinnuleit sem náðu ekki að fara úr landi áður en ferðatakmarkanir tóku gildi
- Einstaklingar sem hafa dvalið á Íslandi án kennitölu og dvalarleyfis

Eftir samráðsfund með fulltrúum Reykjavíkurborgar, Gæða- og eftirlitsstofnunar og skrifstofu barna- og fjölskyldumála er ljóst að þessi hópur er mjög lítill. Hvað varðar hóp a) þá þarf að aðstoða þá aðila við að ljúka skráningu svo þeir njóti réttinda hér á landi s.s. til atvinnuleysisbóta. Búið er að yfirfara verkferla hjá Þjóðskrá svo skráning á að ganga snurðulaust. Hópar b) - e) falla undir reglur um útlendinga í neyð (reglur nr. 382/2019 um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur aðstoðar úr ríkissjóði) og því er hægt að aðstoða þá aðila á þeim grundvelli. Í einhverjum tilvikum getur samþykki fyrir því að snúa til heimalands verið forsenda aðstoðar. Íslenska ríkið aðstoðar fólk heim eftir atvikum.

2. Sjálfstætt starfandi einstaklingar

Þeim sjálfstætt starfandi einstaklingum sem helst komið hafa til umræðu má skipta í þrjú hópa: Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem ekki vilja hætta rekstri, sjálfstætt starfandi einstaklingar sem eru ný byrjaðir í rekstri og uppfylla ekki nægilega skilyrði um greiðslu tryggingagjalds og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa ekki staðið rétt að skilum til skattyfirvalda.

a. Sjálfstætt starfandi sem vilja ekki hætta rekstri:

Komið hefur verið til móts við þann hóp sjálfstætt starfandi einstaklinga að einhverju leyti, en með lögum nr. 23/2020 var gerð tímabundin breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar þannig að sjálfstætt starfandi einstaklingur getur sótt um atvinnuleysisbætur enda þótt viðkomandi hafi ekki tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um lok starfsemi (RSK 5.04).



Nægilegt er að tilkynnt hafi verið um verulegan samdrátt í rekstri og breytingu á reiknuðu endurgjaldi til launagreiðendaskrár Ríkisskattstjóra (RSK 5.02) sem leiðir til tímabundinnar stöðvunar á rekstri.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur þarf þar með ekki lengur að loka/hætta rekstri þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur. Um er að ræða tímabundið úrræði, en áfram þarf að skila svokallaðri „verktakayfirlýsingu“ til Vinnumálastofnunar, sjá [hér](#).

b. Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa nýlega hafið rekstur

Í 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 er kveðið á um ávinnslutímabil bótaréttar sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þar segir að sjálfstætt starfandi einstaklingur telst að fullu tryggður eftir að hafa greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald samfellt á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur.

Einstaklingur sem hefur greitt skatta og gjöld skemur en tólf mánuði en þó lengur en þrjú mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur telst tryggður hlutfallslega í samræmi við fjölda mánaða. Hið sama gildir um sjálfstætt starfandi einstakling sem hefur greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð, en þá ákvarðast tryggingahlutfall hans af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæða.

Rétt er að taka fram að hafi einstaklingar verið launamenn á undan þá telur það í ávinnslutímabili til bótaréttar.

Uppfylli sjálfstætt starfandi einstaklingur ekki þessi skilyrði telst hann ekki tryggður skv. lögum um atvinnuleysistryggingar og þyrfti að snúa sér til sveitarfélags þurfi hann aðstoð hvað varðar framfærslu.

c. Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa ekki staðið rétt að skilum til RSK

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur ekki greitt af sér í samræmi við viðmiðunarreglur RSK getur hann verið tryggður hlutfallslega, en í einhverjum tilvikum má gera ráð fyrir að bótaréttur sé lítill sem enginn og að einstaklingar eigi ekki rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðkomandi einstaklingur þyrfti því að snúa sér til síns sveitarfélags þurfi hann stuðning við framfærslu. Sveitarfélagi er skylt að veita viðkomandi fjárhagsaðstoð til framfærslu skv. ákvæðum IV. og VI. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvæðin eru nánar útfærð í reglum um framkvæmd fjárhagsaðstoðar sem settar eru af hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kveða gildandi reglur sveitarfélaga um skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð til sjálfstætt starfandi einstaklinga yfirleitt á um að hlutaðeigandi aðilar þurfi að hafa sótt um hjá VMST og hafi hætt rekstri til að geta átt rétt til fjárhagsaðstoðar. Þeir einstaklingar gætu þannig fengið synjun bæði hjá Vinnumálastofnun og hjá félagsþjónustu sveitarfélags, þrátt fyrir að mat bendi til þess að þörf sé á stuðningi til framfærslu.

Samband íslenskra sveitarfélaga beinir því til sveitarfélaga að kanna hvort rétt sé að víkja tímabundið frá skilyrðum um að loka þurfi rekstri (sýna fram á að rekstri hafi verið hætt) í ljósi aðstæðna á vinnumarkaði. Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur tilkynnt um verulegan samdrátt í rekstri og



breytingu á reiknuðu endurgjaldi til launagreiðendaskrár Ríkisskattstjóra (RSK 5.02) teljist viðkomandi uppfylla skilyrði fyrir því að fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Breytt framkvæmd feli í sér:

- *Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi tilkynnt um verulegan samdrátt í rekstri og breytingu á reiknuðu endurgjaldi til launagreiðendaskrár Ríkisskattstjóra (eyðublað RSK 5.02) sem leiðir til tímabundinnar stöðvunar á rekstri.*
- *Jafnframt þarf umsækjandi að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar, nr. 54/2006 og reglur viðkomandi sveitarfélags um fjárhagsaðstoð.*
- *Taki sjálfstætt starfandi einstaklingur að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu fjárhagsaðstoðar skal hann tilkynna það til félagsþjónustu sveitarfélags enda á viðkomandi ekki rétt á fjárhagsaðstoð á því tímabili sem verkefnið stendur yfir. Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi sé í virkri atvinnuleit.*
- *Lagt er til að breytt verklag gildi á sama tímabili og ákvæði til bráðabirgða við lög um atvinnuleysisstryggingar sem heimilar sjálfstætt starfandi einstaklingi að sækja um atvinnuleysisbætur enda þótt viðkomandi hafi ekki tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um lok starfsemi*
- *Sé framkvæmd aftur breytt til fyrra horfs ber að tilkynna viðtakendum stuðnings um það með a.m.k. tveimur vikna fyrirvara.*

3. Upplýsingar vegna vinnslu mála hjá Vinnumálastofnun: Þeir sem eru bæði launamenn og sjálfstætt starfandi

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur tekur útreikningur á fjárhæðum bóta mið af því hvort viðkomandi hafi reiknað sér endurgjald eða hvort hann hafi verið launamaður á ávinnslutímabili. Ef einstaklingur hefur bæði verið launamaður og sjálfstætt starfandi á sama tíma reiknar Vinnumálastofnun út hæsta mögulega bótarétt viðkomandi að teknu tilliti til starfshlutfalls og reiknaðs endurgjalds. Á þetta við um alla sjálfstætt starfandi einstaklinga en ljóst er að margir sjálfstætt starfandi einstaklingar, s.s. listamenn eða leiðsögumenn, kunna að gegna hlutastarfi samhliða eigin rekstri.

Með lögum nr. 23/2020 var gerð tímabundin breyting á lögum um atvinnuleysisstryggingar sem m.a. fela það í sér að laun sem greidd eru samhliða minnkuðu starfshlutfalli koma ekki til skerðingar á atvinnuleysisbótum (hlutabótaúrræðið). Þar er kveðið á um sérstakar ávinnsloreglur, ákvæði um bótatímabil og sérregla um skerðingu vegna tekna. Bæturnar eru atvinnuleysisbætur og greiddar út á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar. Hlutabótaúrræðið er þannig einskorðað við launamenn sem fá launatekjur og við útreikning bóta er Vinnumálastofnun einungis heimilt að líta til launatekna, en ekki reiknað til endurgjalds. Þá telst launamaður sem tekur að sér verktakavinnu á sama tíma ekki tryggður á grundvelli laganna á meðan sú vinna varir. Vinnumálastofnun lítur svo á að einstaklingar geti ekki lagt inn fleiri en eina umsókn um atvinnuleysisbætur á sama tíma og því ekki hægt að sækja um í báðum kerfum, þ.e. bæði í minnkuðu starfshlutfalli og almennar atvinnuleysisbætur.